Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Smiðju
Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa)

Samtök atvinnulífsins (samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (þskj. 442 í 316. máli). Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er markmið þess að auka skilvirkni og fyrirsjáanleika við afgreiðslu umsókna um tímabundin atvinnu- og dvalarleyfi með því að flytja afgreiðslu atvinnuleyfa frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar sem hefur farið með afgreiðslu dvalarleyfa á grundvelli atvinnuþátttöku. Þá er m.a. lagt til að skyldubundin umsögn stéttarfélaga vegna tímabundinna atvinnuleyfa verði felld úr gildi.

Samtökin hafa lengi áréttað mikilvægi þess fyrir íslenskt atvinnulíf að hingað komi erlendir sérfræðingar til starfa. Í því skyni er brýnt að ráðast í einföldun umsóknarferlis og hraða því eftir fremsta megni. Samtökin telja löggjöf sem stefnir að því markmiði vera af hinu góða, svo lengi sem hún sé skýr og unnin í samráði við hagaðila.


Samtökin vilja sérstaklega fagna fyrirhuguðu brottfalli ákvæðis b-liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga sem fjallar um skyldubundna umsögn stéttarfélaga vegna tímabundinna atvinnuleyfa. Samtökin telja brottfall ákvæðisins vera mikilvægt og löngu tímabært skref, enda er um að ræða formskilyrði fyrir veitingu atvinnuréttinda sem er barn síns tíma og tengist m.a. atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun sem var á hendi stéttarfélaganna á árum áður.

Stéttarfélögin höfðu áður yfirsýn yfir vinnuaflsskort í einstökum atvinnugreinum en með stofnun Vinnumálastofnunar færðist það hlutverk yfir til stjórnvalda. Þekking á kjarasamningum og lágmarkskjörum er einnig til staðar innan stjórnsýslunnar og hjá samtökunum en á vef þeirra er að finna kjarasamninga og kaupgjaldsskrá. Því er engin þörf á að bera alla ráðningarsamninga undir stéttarfélög, leita má umsagnar þeirra ef uppi er vafi.

Rétt er að vekja athygli á því að umsagnarskyldan er til þess fallin að hægja á umsóknarferlinu en hefur takmarkaða þýðingu fyrir afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi. Í því skyni að einfalda umsóknarferli atvinnuréttinda telja samtökin mikilvægt að útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa verði hjá einni stofnun, Útlendingastofnun. Færri viðkomustaðir innan stjórnsýslunnar auka skilvirkni leyfisveitingaferlisins. Samtökin fagna því hinu fyrirliggjandi frumvarpi og hvetja til þess að það verði að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Lilja Hrund Lúðvíksdóttir